

20. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson, öll frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra var fjarverandi en Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra var fjarverandi en Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru fjarverandi.

Aðrir: Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Guðfinna S. Bjarnadóttir ráðgjafi sat fundinn undir 2. dagskrárlið og Ólafur Árnason, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Ragnhildur Gunnarsdóttir og Þorbjörg Sævarsdóttir frá EFLU ásamt Nathan Reigner ráðgjafa sátu fundinn undir 3. dagskrárlið.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Samþykkt fundargerðar var frestað.

2. Leiðandi í sjálfbærni - framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu til 2030

(*ráðherra og Guðfinna S. Bjarnadóttir*).

Ráðherra og Guðfinna S. Bjarnadóttir ráðgjafi kynntu drög að stefnuramma ferðaþjónustunnar 2020-2030 sem unnin hafa verið af verkefnahóp undanfarnar vikur og lögð fyrir stýrihóp til rýni. Gert er ráð fyrir að yfirskrift stefnurammans verði "Leiðandi í sjálfbærni" og skiptist í fjórar sjálfbærnividdir sem hver er skilgreind frekar niður í nokkrar áherslur sem aftur byggja á fjórum undirstöðum. Stefnuramminn byggir undir álagsmatið, sbr. 3. dagskrárlið, og gengur út frá því að Íslendingar ætli sér að mæla sjálfbærni í öllum víddunum.

Rætt um kolefnisspor í tengslum við flug og mælingar varðandi það. Samhljómur var meðal fundarmanna um að miða við umhverfið eiss og það er á hverjum tíma. Þegar að því kemur að flug verður tekið inn í mælingar á kolefnisspori mun stefnan ganga út frá því.

Gerð grein fyrir því að á grunni stefnurammans séu sett markmið um hver staða mála eigi að vera árið 2030. Stefnurammanum sé ætlað að vera lifandi skjal sem hafi að geyma nokkrar breytur sem þurfi að vera í stöðugri skoðun. Lagt upp með það að þeir mælikvarðar sem notast er við séu samanburðarhæfir og staðlaðir.

Rætt um mikilvægi þess að stefnumótun tengd ferðamálum sem væri líka í gangi hjá t.d. Íslandsstofu væri í samhljómi við opinbera stefnumóu

Loks var rætt um framhald málsins. Stefnurammanum er ætlað að vera pólitískur grunnur til að byggja á til lengri tíma. Til að tryggja víðtæka samstöðu mun

ferðamálaráðherra kynna hann í ríkisstjórn og funda með þingflokki, sveitarstjórnunum, fulltrúum atvinnugreinarinnar o.fl. hagsmunaaðilum áður en hann verður aftur lagður fyrir stjórn Stjórnstöðvar ferðamála.

3. **Álagsmat – kynning á fyrstu drögum að niðurstöðum**

(fulltrúar EFLU og framkvæmdastjóri).

Farið var yfir tilurð verkefnisins sem hafði það að meginmarkmiði að svara því hvað Ísland gæti tekið á móti mörgum ferðamönnum. Lagt var upp með að skoða það á landsvísu og nýta gögn sem þegar væru til staðar til að byggja upp kerfi sem gæti lifað áfram. Verkefninu var skipt upp í áfanga, fyrsti áfanga lauk með greiningu sjálfbærnisvísu og nú væri að koma að lokum annars áfanga sem væri gildissetning vísanna sem væru orðnir 71. Þriðji og síðasti áfanginn væri síðan stefnumótunin sjálf. Þar rímuðu markmið og áherslur í vinnslu stefnuramma, sbr. 2. dagskrárlið, vel við sjálfbærnisvísana eins og þeir hefðu verið skilgreindir og gildissettir. Skýrsludrög væru í vinnslu og rýni hjá sérfræðingum og stefnt að því að geta kynna skjal til samráðs í maímánuði.

Gerð var grein fyrir því að sjálfbærnisvísarnir skiptast niður í 16 málaflokka sem allir skilgreina mikilvæga innviðapætti. Farið var yfir hvernig fyrirhugað er að niðurstöðurnar verði settar fram og dæmi sýnd um tvo sjálfbærnisvísu, varðandi vegakerfið annars vegar og náttúrustaði hins vegar, út frá nógildandi stöðu og svo 2% og 5% vexti í fjölda ferðamanna.

Rætt um hvort kostnaðarmeta ætti aðgerðir samkvæmt sumum vísunum en ekki öðrum og almennt um framsetningu. Jafnframt rætt um hlut ferðapjónustunnar í myndun gjaldeyrstekna þjóðarinnar.

Fram kom að hér lægi fyrir verðmætt verkfæri til að forgangsraða verkefnum og mæla hvernig gengi að ná fyrirhuguðum árangri. Ferðamálaráðherra sagði vinnuna standa undir væntingum og líta vel út. Mikilvægt væri að halda því til haga að Íslendingar væru að standa sig vel í ferðapjónustu m.v. allt sem á hefði gengið – síðan væri hægt að takast á um hvað væri mikilvægast.

Framkvæmdastjóra var falið að finna tíma í dýpri kynningu fyrir stjórn áður en samráðsferli hefst.

4. **Önnur mál.**

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:00